



Framkvæmdanefnd  
um einkavæðingu

Til Björgólf斯 Thors Björgólfssonar, Magnúsar Þorsteinssonar og Björgólf斯  
Guðmundssonar.

Frá framkvæmdanefnd um einkavæðingu

4. september 2002

Í minnisblaði framkvæmdanefndar um einkavæðingu dags. 28. ágúst sl. var leitað svara þeirra þriggja aðila sem nefndin hefur átt í viðræðum við um sölu hlutabréfa í Landsbanka Íslands hf. Verið er að undirbúa ákvörðun nefndarinnar um hver þeirra skuli valinn til beinna viðræðna um kaup á hlutabréfunum. Svör bárust 2. þ.m. frá öllum þremur. Í bréfi nefndarinnar dags. 16. ágúst sl. er tilgreint til hvaða atriða einkum verði litið við þetta val. Þá eru í auglýsingu nefndarinnar frá 10. júlí sl. tilgreind hvaða markmið eru með sölu bankans.

Til að ljúka megi þessum áfanga söluferilsins og ákveða við hvern skuli farið í beinar viðræður við um kaup á hlutabréfum í Landsbanka Íslands er óskað eftir upplýsingum um það verð sem hver aðili er reiðubúinn að greiða fyrir hlutabréfin sem óskað er eftir kaupum á. Að mati nefndarinnar eiga á þessu stigi að liggja fyrir nægjanlegar upplýsingar til að gefa ákveðið í skyn hvaða verð hver aðili er reiðubúinn að greiða fyrir hlutabréf í bankanum. Það leiðir af skráningu hans í Kauphöll Íslands. Skriflegt svar skal skilað til nefndarinnar á netfangið [skarphedinn.steinarsson@for.stjr.is](mailto:skarphedinn.steinarsson@for.stjr.is) fyrir nk. föstudag 6. september kl. 18.00.

Mikilvægt er að vekja athygli á að það verð sem sent er inn á þessu stigi verður lagt til grundvallar í viðskiptum með hlutabréfin þegar gengið verður frá kaupsamningi.

Ef ástæða er til að koma öðrum upplýsingum á framfæri við nefndina sem geta haft áhrif á umrætt val á viðsemjanda skal það gert fyrir fyrrgreind tímamörk.

Framkvæmdanefnd um einkavæðingu stefnir að því að tilkynna Kauphöll Íslands mánudaginn 9. september nk. við hvern verði gengið til beinna viðræðna um kaup á hlutabréfum í Landsbanka Íslands hf.

Framkvæmdanefnd um einkavæðingu vill á þessu stigi taka fram að þegar niðurstaða samningaviðræðna um sölu hlutabréfa í Landsbankanum liggar fyrir mun nefndin tilkynna opinberlega um niðurstöðu þeirra viðræðna, þ.e. um helstu skilmála hlutabréfakaupanna, gengi og greiðsluskilmála. Ef kostgæfnisathugun leiðir til breytinga mun einnig verða gerð grein fyrir þeim atriðum sem breytast og ástæðum

þeirra. Þess verður þó gætt að greina ekki frá einkamálefnum kaupanda eða atriðum sem skaðað geta viðskiptahagsmuni hans.

Framkvæmdanefnd um einkavæðingu hefur endurnýjað samning sinn við HSBC í London um ráðgjöf vegna sölu hlutabréfa ríkisins í Landsbanka Íslands hf. Athygli er vakin á þessu þar sem nefndin mun m.a. leita til þeirra við undirbúning ákvörðunar um við hvern skuli gengið til samninga.